

Fundur hjá skólaráði 12.11.14

Mætt: Oddur og Magnús fulltrúar foreldra, Tanja fulltrúi nemenda, Jens fulltrúi kennara, Anna Hlöðvers fulltrúi almennra starfsmanna og Svava skólastjóri

- Svava sýndi okkur afrakstur síðasta skólaráðsfundar, leyfisbréf, bréf sem foreldrar undirrita um leyfi barnanna á unglíngastigi til að fara heim í hádeginu, í frímínútum, sækja námsgögn ef þau gleyma, fara heim ef þarf að fella niður kennslustund ef ekki finnst kennari til að leysa af.
 - Farið yfir nýja jafnréttisáætlun skólans sem unnin var með skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Oddur lagði til að inn í 19.gr yrði bætt: „ c) fengin er staðfesting eða vottun þriðja aðila á jafnlaunastefnu skólans“ Að öðru leyti voru fundarmenn ánægðir með áætlunina.
- Viðmiðunarreglur um samskipti við trúar- og lífsskoðunarfélög.
 - Gideonfélagar komu í skólann og gáfu 5.bekkingum Nýja testamentið, í kjölfarið varð heit umræða á Vogasíðunni um slíkar heimsóknir, ekkert nema gott um það að segja. Það varð til þess að viðmiðunarreglurnar litu dagsins ljós, þær eru í samræmi við grunnskólalög og aðalnámskrá. Ákveðið að leggja reglurnar fyrir fræðslunefnd.
- Skólareglurnar eru í vinnslu og er boltinn nú hjá nemendum og kennurum.
- Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 9.desember kl. 8:10

Fundarritari Anna Hlöðversdóttir